



Reykjavík, 8. desember 2025
SFS24100147

Borgarráð
Ráhus Reykjavíkur

Efni: Tillaga um rekstrarleyfi leikskólans Laufásborgar

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 8. desember 2025 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 27. nóvember 2025, ásamt rekstrarleyfi leikskólans Laufásborgar, reglum Reykjavíkurborgar um leyfi til reksturs leikskóla og umsögn foreldraráðs Laufásborgar, dags. 8. desember 2025:

Lagt er til að skóla- og frístundaráð samþykki að gefið verði út rekstrarleyfi leikskóla til Hamingjuhallarinnar ehf. með þeim hætti að í leikskólanum Laufásborg að Laufásvegi 53 – 55 verði heimilt að reka leikskóla fyrir allt að 116 börn, á aldrinum 18 mánaða til 6 ára. Lagt er til að breytingin taki gildi 1. janúar 2026. Frá sama tíma fellur úr gildi rekstrarleyfi Hjallastefnunnar ehf. vegna reksturs leikskólans Laufásborgar að Laufásvegi 53 – 55.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllt

Steinn Jóhannsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Meðfylgjandi:

Tillaga ásamt greinargerð, dags. 27. nóvember 2025
Rekstrarleyfi Laufásborgar
Reglur Reykjavíkurborgar um leyfi til reksturs leikskóla
Umsögn foreldraráðs Laufásborgar, dags. 8. desember 2025



Reykjavík



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 27. nóvember 2025

SFS24100147

Tillaga

Efni: Tillaga varðandi rekstrarleyfi leikskólans Laufásborgar

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að skóla- og frístundaráð samþykki að gefið verði út rekstrarleyfi leikskóla til Hamingjuhallarinnar ehf. með þeim hætti að í leikskólanum Laufásborg að Laufásvegi 53 – 55 verði heimilt að reka leikskóla fyrir allt að 116 börn, á aldrinum 18 mánaða til 6 ára. Lagt er til að breytingin taki gildi 1. janúar 2026.

Frá sama tíma fellur úr gildi rekstrarleyfi Hjallastefnunnar ehf. vegna reksturs leikskólans Laufásborgar að Laufásvegi 53 – 55.

Greinargerð:

Skóla- og frístundasvið hefur haft til meðferðar umsókn Jensínu Eddu Hermannsdóttur, fyrir hönd Hamingjuhallarinnar ehf., kt. 650324-0480, dags. 14. október 2024, um að veitt verði leyfi til reksturs leikskóla í húsnæðis í eigu Reykjavíkurborgar að Laufásvegi 53-55.

Sem stendur rekur Hjallastefnan ehf., kt. 540599-2039, leikskóla í húsnæðinu að Laufásvegi 53-55 og er Jensína Edda Hermansdóttir leikskólastýra þar.

Þann 3. júní 2025 barst skóla- og frístundasviði bréf undirritað af tveim stjórnarmönnum Hjallastefnunnar ehf. þar sem tilkynnt var um að þjónustusamningi milli Hjallastefnunnar ehf. og Reykjavíkurborgar um rekstur leikskólans Laufásborgar frá árinu 2025 væri sagt upp.

Í bréfi til Hjallastefnunnar, dags. 13. júní 2025, segir að með bréfinu sé litið svo á, af hálfu skóla- og frístundasviðs, að Hjallastefnan ehf. segi upp samningi félagsins við Reykjavíkurborg um framlag vegna reksturs Laufásborgar. Samningurinn var undirritaður þann 28. febrúar 2025 með gildistíma til 31. desember 2027. Í bréfi skrifstofustjóra skóla- og frístundasviðs dags. 13. júní 2025 til Hjallastefnunnar ehf. kemur fram að með vísan til ákvæðis 32.5 í fyrrgreindum samningi væri sex mánaða uppsagnafrestur og miðað við næstu mánaðarmót frá því að tilkynning væri afhent. Því væri litið svo á að samningurinn héldi gildi sínu til 1. janúar 2026 nema aðilar kæmust að



Reykjavík



öðru samkomulagi. Þá kom enn fremur fram að á sama tíma væri litið svo á að rekstrarleyfi til handa Hjallastefnunnar ehf. Vegna leikskólans Laufásborgar yrði skilað/það fallið á brott frá sama tíma

Í fyrrnefndu bréfi kemur fram að með breytingunni verður lítil sem engin breyting fyrir leikskólabörn, fjölskyldur og starfsfólk á Laufásborg og að öllu starfsfólki skólans muni bjóðast áframhaldandi starf hjá Hamingjuhöllinni ehf. Þá segir í innsendri skólanámskrá að leikskólinn muni starfa eftir aðalnámskrá leikskóla og Hjallastefnunnar.

Húsnæði leikskólans er í eigu Reykjavíkurborgar. Í kjölfar uppsagnar Hjallastefnunnar ehf. á leigusamningi var húsnæðið auglýst til leigu fyrir áframhaldandi rekstur leikskólastarfs. Eina umsóknin um húsnæðið barst frá Hamingjuhöllinni ehf. og þann 3. nóvember 2025 var nýr leigusamningur samþykktur í borgarráði og síðar undirritaður 15. nóvember 2025.

Fyrri rekstraraðili hafði leyfi til reksturs leikskóla fyrir 127 börnum. Nú eru 114 reykvísk börn á Laufásborg.

Fyrir liggja teikningar frá 1999 og er leikrými reiknað út frá því. Leikrými reiknast alls 348,1 fm. Rýmið var einnig tekið út af fulltrúum fagskrifstofu. Viðmið um fjölda barna í leikrýmum miðast við 3 fm./barn skv. byggingarreglugerð, grein 6.9.3., sem notuð hefur verið sem viðmið um fjölda barna í sjálfstætt starfandi leikskólum. Miðað við það er fjöldi barna fyrir 348,1 fm., alls 116 börn. Þá hefur húsnæðið verið skoðað af fulltrúum fagskrifstofu og telst standast kröfur um lágmarks aðstöðu og rými fyrir allt að 116 börn. Hamingjuhöllin ehf. gerir ekki athugasemd að rekstrarleyfi og þjónustusamningur taki mið af framangreindum fjölda.

Fyrir liggja eftirtalin gögn:

1. Beiðni Hamingjuhallarinnar ehf.
2. Uppsagnarbréf Hjallastefnunnar ehf. vegna reksturs leikskólans Laufásborg við Laufásveg.
3. Staðfesting á rekstrarformi og samþykktir félagsins
4. Upplýsingar um húsnæðið
5. Starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna starfsemi leikskóla að Laufásvegi 53-55, dags. 17. júlí 2025 með gildistíma til 17. júlí 2037.
6. Staðfesting eldvarnareftirlits
7. Staðfesting Vinnueftirlits ríkisins
8. Upplýsingar um leikskólastjóra og menntun viðkomandi
9. Skólanámskrá
10. Starfsáætlun 2025-2026
11. Áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað
12. Drög að nýju rekstrarleyfi

Umsögn skóla- og frístundasviðs



Reykjavík



Skóla- og frístundasvið gerir ekki athugasemd við að Hamingjuhöllinni ehf. verði veitt rekstrarleyfi þeim hætti að heimilt verði að reka leikskóla fyrir allt að 116 börn, á aldrinum 18 mánaða til 6 ára, í húsnæðinu að Laufásvegi 53-55.

Lagt er til að breytingin taki gildi 1. janúar 2026, þegar samningur um framlag vegna reksturs leikskóla við Hjallastefnuna ehf. og rekstrarleyfi þeim til handa vegna reksturs leikskólans Laufásborgar fellur úr gildi.

Tekið er fram að samþykkt rekstrarleyfis felur ekki í sér vilyrði fyrir greiðslu framlags vistunar reykvískra barna í leikskólanum og gera þarf sérstakan samning um framlag.





Rekstrarleyfi fyrir leikskólann Laufásborg

Með vísun til 25. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglur Reykjavíkurborgar um leyfi til reksturs leikskóla veitir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar hér með Hamingjuhöllinni ehf. kt. 650324-0480, leyfi til að reka leikskólann Laufásborg.

Fyrir liggja teikningar af húsnæði leikskólans að Laufásvegi 53-55, í Reykjavík. Veitt er heimild til að reka leikskóla í húsnæðinu fyrir 116 börn á aldrinum 18 mánaða til 6 ára.

Vottorð liggja fyrir frá heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um að húsnæðið uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar.

Við leikskólann skal starfa leikskólastjóri sem uppfyllir skilyrði fyrir ráðningu leikskólastjóra í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og lögum nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Við ráðningu annarra starfsmanna leikskólans skal gætt ákvæða laga nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, um í 2/3 hluta stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna séu ráðnir leikskólakennarar.

Rekstraraðila ber að láta alla starfsmenn leikskólans undirrita yfirlýsingu um að þeir muni gæta þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrimælum yfirmanna þeirra og eðli máls. Vesturmiðstöð veitir leikskólanum sérfræðipjónustu, sbr. reglugerð nr. 444/2019 um skólapijónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.

Leikskólastjóra er skylt að endurskoða skólanámskrá reglulega og leggja hana fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar. Skólanámskrá leikskólans er í vinnslu.

Starfsáætlun ber að skila árlega samkvæmt nánari ákvörðun skóla- og frístundaráðs.

Leikskólanum er skylt að meta með reglubundnum hætti gæði leikskólastarfsins á grundvelli 17. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglugerð nr. 893/2009 um mat og eftirlit í leikskólum og eftirlitsskyldur sveitarstjórna um skólahald. Upplýsingar um matið ber leikskólanum að birta opinberlega ásamt tengslum þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.



Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar framkvæmir ytra mat og hefur eftirlit með leikskólanum. Ber leikskólanum að láta skóla- og frístundasvið í té gögn um innra mat sitt ásamt öðrum upplýsingum sem eru nauðsynlegar vegna ytra mats og eftirlits. Við leikskólann skal starfa eitt foreldraráð í samræmi við 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.

Uppfylli leikskólinn ekki ofangreind skilyrði getur skóla- og frístundaráð afturkallað rekstrarleyfið, ef rekstraraðili bregst ekki við athugasemdum innan tilskilins frests. Rekstrarleyfi tekur gildi 1. janúar 2026.

Reykjavík, XX. desember 2025

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar



Reykjavík



Reglur

Reykjavíkurborgar um leyfi til reksturs leikskóla.

1. gr.

Leikskólaráð Reykjavíkurborgar getur veitt sjálfseignarstofnunum, hlutafélögum og öðrum aðilum sem reka fyrirtæki samkvæmt öðru viðurkenndu rekstrarformi heimild til að byggja og / eða reka leikskóla í Reykjavík. Um slíka leikskóla gilda ákvæði laga um leikskóla nr. 90/2008 eftir því sem við á.

Umsókn skal fylgja staðfesting á rekstrarformi og samþykktir félagsins.

2. gr.

Heimilt er að binda leyfi við hámarks fjölda barna. Ákvörðun um fjölda barna skal m.a. byggð á eftirfarandi þáttum:

- Húsnæði og lóð sem fyrirhugað er að nota fyrir leikskóla skal taka mið af þörfum barna og þeirri starfsemi sem fram fer í leikskóla. Lögð er áhersla á öruggt og rúmgott náms- og starfsumhverfi. Gert skal sérstaklega ráð fyrir rými fyrir sérfræðipjónustu vegna barna með sérþarfir og vinnuaðstöðu starfsfólks.
- Aldursdreifingu barna og sérþörfum þeirra.
- Lengd dvalartíma.
- Fjölda starfsmanna og samsetningu starfsmannhópsins.

Umsókn þurfa að fylgja upplýsingar um húsnæði sem fyrirhugað er að nota fyrir leikskólann ásamt málsettum teikningum af húsi og lóð, vottorði Vinnueftirlits ríkisins og heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar. Einnig þurfa að fylgja umsókn upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi leikskólans sérstaklega með hliðsjón af því hvernig aldursdreifingu barna verður háttáð og hversu mörg börn með sérþarfir leikskólinn getur tekið á móti, hvað boðið verður upp á langan dvalartíma og hvernig samsetning starfsmannahópsins verður.

3. gr.

Við leikskóla skal starfa leikskólastjóri sem hefur starfsheitið leikskólakennari og hefur annað hvort viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á leikskólastigi.

Við ráðningu annarra starfsmanna leikskólans skal gætt ákvæða laga nr. 87/2008 um að í 2/3 hluta stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna séu ráðnir leikskólakennarar.

Rekstraraðila ber að láta alla starfsmenn leikskólans undirrita yfirlýsingu um að þeir muni gæta þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna þeirra og eðli máls

4. gr.

Umsækjandi skal gera grein fyrir því í umsókn sinni hvernig hann hyggst skipuleggja og framkvæma þjónustu við börn með sérþarfir.

5. gr.

Þegar sótt er um leyfi til reksturs leikskóla skal liggja fyrir skólanámskrá væntanlegs leikskóla, sem felur í sér uppeldis- og námsáætlun leikskólans, markmiðssetningu í starfi og leiðir til að ná þeim markmiðum.

Áður en leikskólinn tekur til starfa ber að skila til leikskólaráðs starfsáætlun, þar sem gerð er grein fyrir árlegri starfsemi leikskólans, svo sem skóladagatali og öðru sem varðar starfsemi leikskólans. Starfsáætlun á að skila árlega samkvæmt nánari ákvörðun leikskólaráðs.

Leikskólinn skal leggja fram áætlun um hvernig brugðist skuli við þegar slys og óhöpp verða.

6. gr.

Leikskóla sem fengið hefur rekstrarleyfi er skylt að meta með reglubundnum hætti gæði leikskólastarfsins. Upplýsingar um matið ber leikskólanum að birta opinberlega ásamt tengslum þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Leikskólasvið Reykjavíkurborgar framkvæmir ytra mat og hefur eftirlit með sjálfstætt reknum leikskólum. Ber leikskólunum að láta Leikskólasviði í té gögn um innra mat sitt ásamt öðrum upplýsingum sem eru nauðsynlegar vegna ytra mats og eftirlits.

Samþykkt í leikskólaráði

26. nóvember 2008

Foreldraráð Laufásborgar

Reykjavík, 8. desember 2025

Efni: Breytingar á rekstraraðila leikskóla

Hér með staðfestist að foreldraráð Laufásborgar hafa verið kynntar fyrirhugaðar breytingar vegna leikskólans. Með breytingunum mun Hjallastefnan ehf. ekki vera lengur rekstraraðili leikskólans heldur Hamingjuhöllin ehf.

Fram hefur komið að leikskólanum verður áfram stýrt af Jensínu Eddu Hermannsdóttur og með breytingunni verður lítil sem engin breyting fyrir leikskólabörn, fjölskyldur og starfsfólk á Laufásborg og að öllu starfsfólki skólans muni bjóðast áframhaldandi starf hjá Hamingjuhöllinni ehf. Leikskólinn mun áfram starfa eftir aðalnámskrá leikskóla og Hjallastefnunni.

Hér með staðfestist að foreldraráð Laufásborgar gerir engar athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar.

Undirritunarsíða

Kærleikskveðja Jensa
Jensína Edda Hermannsdóttir

Kærleikskveðja
Kristín Bergsdóttir

Kærleikskveðja Jensa
Kristín Manúelsdóttir

Kærleikskveðja Jensa
Árni Grétar Finnsson